

## Fréttatilkynning

Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Hraunavinir hafa í dag sent sýslumanninum í Reykjavík beiðni um lögbann vegna vegaframkvæmda sem nú eru hafnar í Gálgahrauni. Samtökin krefjast þess að þegar í stað verði lagt lögbann við framkvæmdum við lagningu svokallaðs Álftanesvegar um Gálgahraun en fyrr í sumar var þingfest mál á hendur vegamálastjóra f.h. Vegagerðarinnar til staðfestingar á ólögmæti framkvæmdanna.

Samtökin halda því framkvæmdin sé ólögmæt þar sem framkvæmdaleyfi sem gefið var út þann 7. apríl 2009 af sveitarfélagini Garðabæ til eins árs sé löngu fallið úr gildi enda hófust engar framkvæmdir innan 12 mánaða eins og áskilið er að lögum og í leyfinu sjálfu, eigi það að halda gildi sínu. Ennfremur sé umhverfismat vegna framkvæmdanna orðið meira en 11 ára gamalt.

Þá er yfirvofandi framkvæmd allt önnur en sú framkvæmd sem metin var í umhverfismati á sínum tíma.

Samtökin benda á að samkvæmt upplýsingum sem Vegagerðin létt í té hafi verktaka á fundi þann 2. júlí 2013 „...verið gerð grein fyrir þeim kaerumálum sem eru í gangi og gætu hugsanlega haft áhrif á framgang verkframkvæmdar á síðari stigum.“ Þessi bókun Vegagerðarinnar er til marks um að hún hefur fríð sig ábyrgð gagnvart verktaka verði tafir á framkvæmdum vegna lögbannsins.

Loks lýsa gerðarbeiðendur furðu sinni á umfjöllun Vegagerðarinnar um málið á heimasíðu sinni þann 20. ágúst sl. Samkvæmt henni virðist Vegagerðin líta svo á að hún eigi sjálfðæmi í ágreiningsmálum sem að henni snúa.

Reykjavík, 27. ágúst 2013.

f.h. gerðarbeiðenda

Málþing ehf., lögmannsstofa

Skúli Bjarnason, hrl.


Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, hdl.

hjálagt:

lögbannsbeiðni

ljósrit úr fundargerð

ljósmýnd



Sýslumaðurinn í Reykjavík,  
Skógarhlíð 6,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 26. ágúst 2013.

## LÖGBANNSBEIÐNI

### Gerðarbeiðendur:

Landvernd, kt. 640971-0459, Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík, Náttúruverndarsamtök Íslands, kt. 460697-2049, Hringbraut 121, 107 Reykjavík, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, kt. 501111-1630, Austurgötu 29b, 220 Hafnarfjörður og Hraunavinir, kt. 480207-1490, Garðatorgi 7, 210 Garðabær.

### Gerðarþoli:

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík, en forsvarsmaður er Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, kt. 240649-2849, Silungakvísl 33, 110 Reykjavík.

### Umboð:

Skúli Bjarnason, hrl., kt. 151253-5639, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd gerðarbeiðenda.

### Kröfur:

Þess er hér með krafist að lagt verði þegar í stað lögbann við því að gerðarþoli haldi áfram framkvæmdum við lagningu svokallaðs nýs Álftanesvegar um Gálghraun.

Þá er jafnframt gerð sú krafa, með stoð í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. (ksl.), ef gerðinni verður frestað, að það skilyrði verði veitt fyrir fresti að gerðarþoli láti af athöfn sinni meðan á fresti stendur.

Loks er gerð sú krafa að gerðarbeiðendum verði hvorki gert að setja bráðabirgðatryggingu né endanlega tryggingu.

### Málsatvik, málsástæður og lagarök:

Gerðarbeiðendur, sem eru fern náttúruverndarsamtök, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Hraunavinir höfðu dómsmál 10. júní 2013, en málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 18. júní 2013. Málið var höfðað til þess að fá skorið úr um lögmæti fyrirhugaðrar framkvæmdir við lagningu svokallaðs nýs Álftanesvegar um þvert Gálghraun, sögufrægt eldhraun sem er á náttúrumínjaskrá.

Samtökin halda því fram að framkvæmdin sé ólögmæt, m.a. þar sem framkvæmdaleyfi sem gefið var út 7. apríl 2009 af sveitarfélaginu Garðabæ til eins árs sé löngu útrunnið. Framkvæmdir hafi óumdeilanlega aldrei hafist á gildistíma leyfisins.

Þá sé umhverfismat fyrir framkvæmdinni orðið meira en 11 ára gamalt og þarfnið því endurskoðunar lögum samkvæmt. Þegar framkvæmdir hefjast ekki innan 10 ára frá því að mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir ber að taka ákvörðun um endurskoðun þess að hluta til eða í heild skv. 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Engin slík ákvörðun hefur hins vegar verið tekin. Að auki sé framkvæmd sem nú sé verið að hefja allt önnur framkvæmd en sú sem lagt var mat á. Loks séu forsendur nú allt aðrar, byggðaþróun allt önnur og hægari en reiknað var með og viðhorf til náttúruverndar og aðrar forsendur allt aðrar. Þannig hafi

forsendur framkvæmdarinnar m.a. verið þær að á svæðinu risi tugþúsunda manna byggð, en raunin sé hins vegar sú að nú, rúmum áratug síðar, búi einungis liðlega 4.000 manns á Álfanesi. Um málavexti, kröfur og málsástæður gerðarbeiðenda vísast nánar í stefnu málsins sem og önnur gögn sem lögð eru fyrir sýslumann með gerðarbeiðni þessari.

Aldrei hefur reynt á lögmæti framkvæmdarinnar fyrir dómi, en tveir úrskurðir sem gengið hafa á stjórnsýslustigi, í málum milli allt annarra aðila, hafa eingöngu snúist um formhlið málsins en ekki efni.

Lengi hefur staðið styr um vegagerð í gegnum Gálgahraun. Baráttan hefur á köflum verið hörð, enda liggur það fyrir, sem er tilefni lögbannsbeiðni þessarar, að öll röskun á hrauninu er óafturkræf og óbætanleg.

Umhverfisverndarsamtök á borð við þau sem hér um ræðir starfa ekki einungis eftir lögum, heldur hafa þau einnig veigamiklu hlutverki að gegna á sínu fagsviði sem öryggis- og eftirlitsaðili og sérstakir gæsluaðilar náttúrugæða og náttúruverndar þar sem það á við. Vegna sérstaks hlutverks samtakanna má telja þau hálf opinbera aðila og beri því að taka sameiginlega málssókn þeirra alvarlega. Því hafi verið reiknað með því að gerðarþoli, sem er opinber aðili, virti þær grunnreglur réttarríkisins að dómur sé endir allrar þrætu. Honum hefði því tvímælalaust borið að bíða dómsniðurstöðu og var gengið út frá því. Þegar málssóknin var hafin var ekki búið að gera neinn verksamning.

Það kom því gerðarbeiðendum algerlega í opna skjöldu þegar í ljós kom að gerðarþoli, Vegamálastjóri, virti málssóknina að vettugi og ritaði undir verksamning við Íslenska aðalverktaka, ÍAV, þann 5. júlí sl. Framkvæmdir hófust svo 16. þ.m.

Sú djarfa embættisfærsla Vegamálastjóra að skrifa undir verksamning við ÍAV tveimur vikum eftir þingfestingu málsins vekur óneitanlega spurningar um það hvort hann sé með þessum vinnubrögðum að reyna að skapa óeðlilegan þrýsting með því að láta í veðri vaka að tímabundnar tafir á framkvæmdum meðan beðið er dómsúrlausnar baki embættinu skaðabótaskyldu. Þegar stefna málssóknina var þingfest var ekki búið að undirrita neinn verksamning og því vandséð að embættið hefði bakað sér bótaskyldu þó beðið hefði verið dómsniðurstöðu. Athygli vakti einnig yfirlýsing aðstoðarvegamálastjóra í hádegisfréttum Bylgjunnar, 20. þ.m., þar sem hann lýsti óumbeðinn og fyrirfram yfir bótaskyldu Vegagerðarinnar. Ef skaðabótaáhætta í málínus hefur aukist eftir frumhlaup þessara embættismanna er það alfarið á ábyrgð gerðarþola. Það ætti að skipta máli við ákvörðun um tryggingu vegna gerðarinnar, ef gerðarþoli hefur beinlínis verið að búa sér til hugsanlega bótaskyldu eftir að dómsmálið var höfðað, sbr. umfjöllun hér á eftir. Hitt er svo annað mál að í fundargerð, dags. 2/7 2013, sem er hluti samnings gerðarþola og ÍAV um vegagerðina, er að finna svohljóðandi bókun:

*„Á fundinum er verkata gerð grein fyrir þeim kærumálum sem eru í gangi og gætu hugsanlega haft áhrif á framgang verkframkvæmdar á síðari stigum.“*

Fundargerðin er lögð fram með beiðni þessari, merkt skjal nr. 3. Afar ósennilegt er því að bótaskylda gæti skapast meðan beðið er úrlausnar í lögbannsmáli.

Gerðarbeiðendur telja að skilyrðum 24. gr. ksl. sé fullnægt enda liggur fyrir;

- *Að framkvæmdir eru hafnar.*
- *Að framkvæmdin brýtur gegn lögvörðum hagsmunum gerðarbeiðenda að fá niðurstöðu í ágreiningsmálið áður en óafturkraef náttúruspjöll eiga sér stað.*
- *Um er að ræða einkaréttarlegar framkvæmdir gerðarþola en ekki stjórnarathöfn eða ákvörðun.*
- *Framkvæmdir eru þegar hafnar þó ekki sé enn farið að beita stórvirkum vinnuvélum á hraunið. Um leið og það gerist munu framkvæmdir og þar með eyðilegging hraunsins ganga hratt fyrir sig og hafa í för með sér óbætanlegt tjón á náttúrumínjum sem útlokað er að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur geti tryggt.*
- *Vegna eðlis þeirra gæða sem lögbanninu er ætlað að vernda er ljóst að gerðarþoli getur heldur ekki sett neina þá tryggingu fyrir því tjóni sem athöfnin kann að valda.*

## Sjónarmið varðandi setningu tryggingar:

### 1. Engin trygging:

Gerðarbeiðendur telja að eins og mál þetta er vaxið sé með vísan til 2. mgr. 30. gr., sbr. 5. tl. 3. mgr. 16. gr. ksl. rétt að sýslumaður krefji ekki um greiðslu tryggingar af hálfu gerðarbeiðenda, bæði bráðabirgða- og endanlegrar tryggingar. Í gerð þessari takast á gerðarþoli, sem er opinber stofnun og hálfopinberir gerðarbeiðendur, sem hafa samkvæmt réttarskipuninni ákvæðið hlutverk sem gæslumenn sérstæðrar og viðkvæmrar náttúru landsins. Eðli málsins samkvæmt og í samræmi við nútíma réttarviðhorf ber að láta náttúruna njóta vafans. Það hljóti að vera eðlileg frambinda sem styðst við grunngildi réttarríkisins og grundvallarreglna réttarfarsins að undir rekstri dómsmáls eins og hér um ræðir að framkvæmdir hvíli meðan beðið er niðurstöðu.

Það er einnig andstætt réttarvitundinni og alþjóðlegum skuldbindingum að bregða fjárhagslegu fótakefli fyrir gerðarbeiðendur þannig að þeir njóti einungis réttargæsluhlutverks síns í orði en ekki á borði. Vísast þar einkum til Árósasamningsins svokallaða, sem nánar verður gerð grein fyrir síðar, en samningurinn hefur bæði verið fullgiltur af Íslands hönd og leiddur í lög. Að auki benda gerðarbeiðendur á að skýra ber tilvitnaðan 5. tl. 3. mgr. 16. gr. ksl. til samræmis við hina þjóðréttarlegu skuldbindingu eins og lögskýringarreglur kveða á um. Í 3. mgr. 16. gr. ksl. er gert ráð fyrir að sýslumaður geti lokið gerð án tryggingar, en samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvari til laga um kyrrsetningu og lögbann, er varðandi tilvitnaðan 5. tl. gert ráð fyrir því að tekið verði m.a. mið af fræðikenningum um þetta efni. Sú nálgun veitir sýslumanni m.a. svigrúm til þess að líta til fyrrnefnds Árósasamnings.

Þá benda gerðarbeiðendur á að ekkert tjón sé fyrirséð þó framkvæmdir stöðvist enda sé það alfarið á ábyrgð gerðarþola hafi hann kallað slíkt yfir sig með óábyrgri undirritun verksamnings um framkvæmdir undir rekstri dómsmálsins. Fráleitt sé að tjón hefði orðið hefði það verið látið ógert, enda vissu verktakar við tilboðsgerð af gríðarlegri andstöðu almennings og ýmissa samtaka við ónauðsynlega vegargerð þvert um hraun á náttúrumínjaskrá. Hvergi er að finna í ksl. fortakslausa skyldu að úrskurða tryggingu, hún er ávallt valkvæð og matskennd.

### Árósasamningurinn og skuldbindingar Íslands:

Í máli þessu vegur hinn svokallaði Árósasamningur afar þungt, en samningurinn fjallar um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri

málsmeðferð í umhverfismálum. Samningurinn leggur ríkar skyldur á Ísland, sem hefur fullgilt samninginn og leitt ákvæði hans í lög, sbr. lög 131/2011 um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins. Ísland fullgilti samninginn árið 2011.

Árósasamningurinn markar tímamót í aðkomu umhverfisverndarsamtaka að málum sem þessum. Tryggir samningurinn umhverfisverndarsamtökum sem telja að gengið hafi verið á rétt þeirra endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum hlutlausum aðila til að vefengja lagagildi ákvarðana, aðgerða eða aðgerðaleysisis bæði hvað varðar efni og form. Meðal þess sem samningurinn kveður á um er að umhverfisverndarsamtök sem uppfylla skilyrði samkvæmt landsrétti skulu ávallt teljast falla undir hugtakið „almenningur sem málið varðar“ og hafa þannig aðgang til endurskoðunarleiðar.

Til þess að áðurnefnd endurskoðunarleið sem samningurinn fjallar um sé fullnægjandi og virkt úrræði er í samningnum (4. mgr. 9. gr.) sérstaklega vísað til lögbannsleiðarinnar. Segir að úrræði af því tagi eða leiðir skuli vera sanngjarnar, réttlátar, tímanlegar og ekki óheyrilega dýrar. Í skýrslu Árósanefndar frá 28. september 2006 sem umhverfisráðherra skipaði segir m.a. um þetta atriði að ekki verði annað ráðið af ákvæðum samningsins en að íslenska ríkið gæti með fullgildingu hans talist skuldbinda sig til að gera þeim sem leita vildi lögbanns eða höfða mál hér á landi um atriði á sviði samningsins, fjárhagslega kleift að láta verða af aðgerðum sínum. Samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 28/2011, getur kærandi krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda séu þær hafnar eða yfirvofandi. Þetta ákvæði er m.a. til innleiðingar á skuldbindingum skv. Árósasamningnum. Lögin fjalla ekki sérstaklega um lögbannsbeiðni en er ætlað að vera úrræði þegar um er að ræða mál sem er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni. Er ekki gerð krafa í lögunum um að sá sem fer fram á stöðvun framkvæmda setji tryggingu fyrir slíkri beiðni og byggir það á ákvæðum Árósasamningsins.

Eins og fyrr segir geta framkvæmdir á sviði umhverfismála verið gífurlega umfangsmiklar en vegaframkvæmdir eru einmitt á meðal þeirra framkvæmda sem falla undir Árósasamninginn. Í áðurnefndri skýrslu Árósanefndarinnar segir að reglur um setningu tryggingar geti orðið til þess að almenningi og umhverfisverndarsamtökum sé ókleift að krefjast lögbanns vegna óhóflegs kostnaðar. Eigi þeim umhverfisverndarsamtökum sem leggja fram lögbannsbeiðni þessa að vera tryggð réttlát málsmeðferð í samræmi við ákvæði Árósasamningsins er því nauðsynlegt að virða ákvæði samningsins, einkum 4. mgr. 9. gr. hans, við túlkun á viðeigandi réttarheimildum.

## 2. Hófleg trygging:

Verði trygging áskilin er gerð krafa um að hún verði í hófi og taki þá fyrst og fremst mið af hugsanlegum málskostnaði sem kynni að falla á gerðarbeiðendur við meðferð lögbannsmálsins, en að öðru leyti vísast til sjónarmiða sem rakin hafa verið hér að framan.

Gerðarbeiðendur eru allir umhverfisverndarsamtök af þeim toga sem tryggð er aðild að dómstmálum sem tengjast tilgangi félaganna, sbr. 16. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, 4. gr. laga 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og 13. gr. laga nr. 131/2011 um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins og hafa þannig bæði aðild og lögvarða hagsmuni af gerðarbeiðni þessari.

Þess er krafist að umbeðin lögbannsgerð verði tekin fyrir eins fljótt og frekast er kostur, enda lýsir gerðabeiðandi því yfir að hann er reiðubúinn að greiða þá bráðabirgðatryggingu sem embættið kann að áskilja til að gerðin verði tekin fyrir.

**Skjalaframlagning:**

- nr. 1. Lögbannsbeiðni þessi
- nr. 2. Verksammingur ásamt dagsettri verkáætlun
- nr. 3. Ljósmynd af vettvangi með innfærðum yfirvofandi framkvæmdum
- nr. 4. Fundargerð, dags. 2/7 2013
- nr. 5. Árósasamningurinn
- nr. 6. Skýrsla Árósanefndar frá 28. september 2006
- nr. 7. Stefna málsins

Virðingarfyllst,  
f.h. gerðarbeiðenda

Skúli Bjarnason, hrl.

## VERKSAMNINGUR

### 1. grein

Samningur þessi er gerður milli **Vegagerðarinnar**, kt. 680269-2899 annars vegar, sem hér eftir nefnast verkkaupi og **ÍAV hf.**, kt. 660169-2379 hins vegar, sem hér eftir nefnist verktaki.

### 2. grein

Verktaki skal framkvæma verkið:

#### Álftanesvegur (415) Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur

í samræmi við samning þennan, útboðsgögn og önnur rit sem tilgreind eru í útboðslýsingu sem hluti samnings.

Auk þess eru eftirtalín gögn hluti samnings.

- a) Tilboð verktaka dags. 18.09.2012.  
Tilboðseyðublað og tilboðsskrá.
- b) Fundargerðir samningafunda frá 11. apríl 2013 og 2. júlí 2013.
- c) Samþykkt verk- og greiðsluáætlun.

### 3. grein

Heildarfjárhæð samnings skv. tilboðsskrá er **kr. 746.116.046,-** eða m. bókstöfum; kr. sjöhundruðfjörtíuog sexmilljónireitthundraðog sextánþúsundogfjörtíuogsex,-.

### 4. grein.

Greini á milli samningsins og skilmála IST 30 ræður orðalag samnings.

### 5. grein

Rísi mál útaf samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 6. grein

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.


Reykjavík 5. júlí 2013

F.h. verkkaupa:





Vegagerðin

F.h. verktaka:

  
ÍAV hf.  
Kt. 660169-2379

Vottar að réttri dagsetningu. og undirskrift:

  
nafn.: Guðrún Þóra Guðmundardóttir  
kt. 680269-2899

  
nafn: Guðrún Þóra Guðmundardóttir  
kt. 660169-4269

Nr. 3 Lagt fram hjá sýslumanninum  
í Reykjavík, 27. ágúst 2013

